

Sp.

549. Tillaga til þingsályktunar

[277. mál]

um virkjun Sandár í Þistilfirði.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja fullnaðarundirbúning að virkjun Sandár í Þistilfirði og lagningu orkuveitu þaðan til Þórshafnar og Raufarhafnar, sbr. lög nr. 65 8. maí 1956.

Greinargerð.

Búið er eða langt komið að leggja háspennulínu um vesturhluta Norður-Þingeyjarsýslu, en undanfarin ár hafa flestir orkunotendur í sýslunni haft raforku frá dísilstöðvum á Raufarhöfn og Þórshöfn svo og frá einkastöðvum, sem flestar eru dísilstöðvar og margar að þrotum komnar. Nú í seinni tíð hefur raforkumálastjórnin gert ráð fyrir því, að héraðið fái rafmagn frá Laxárvirkjun og að fyrrnefnd háspennulína verði tengd við hana. Vonir standa til, að á þessu ári verði síðustu býlin, sem reglan um 1½ km meðalvegalegd tekur til, tengd við dísilstöðvarsamveitu og að síðan verði hafizt handa um tengingu býla, þar sem vegalegd er meiri. Áætlun um rafvæðingu þeirra hefur þó enn ekki komið fram, og tillaga um að ljúka rafvæðingunni á árinu 1972—73 hefur ekki fengizt samþykkt á þingi því, er nú situr. En hvað sem því líður, má telja, að rekstur dísilstöðva fyrir samveitur í sýslunni þurfi að hverfa úr sögunni sem fyrst og orka frá vatnsaflsstöð að koma í staðinn, hvort sem um verður að ræða orkuver innanhéraðs eða utan.

Árið 1956 var veitt lagaheimild til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa orkuver við Sandá í Þistilfirði, og af ýmsum ástæðum hefur verið áhugi á því hjá mörgum innanhéraðs, að sú heimild verði notuð. Stærð orkuvers við Sandá yrði sem svarar 2100 kw og mundi nægja fyrst um sinn til að sjá Norður-Þingeyjarsýslu fyrir rafmagni, en e. t. v. einnig tveim nyrztu hreppum Norður-Múlasýslu, norðan Smjörvatnsheiðar. En þó að Sandá yrði virkjuð, er tenging fyrrnefndrar háspennulínu við Laxá eigi að síður mikilsverð, því að mikið hagræði er að slíku sambandi milli orkuveitusvæða.

Þess skal getið, að Rafmagnsveitur ríkisins reka nú vatnsorkuver, samtals 11300 kw, og er afl einstakra orkuvera sem hér segir:

Grímsárvirkjun á Fljótsdalshéraði	2800 kw
Mjólkárviirkjun í Arnarfirði	2400 —
Þverárvirkjun í Strandasýslu	1740 —
Smyrlabjargaárvirkjun í Austur-Skaftafellssýslu	1200 —
Rjúkandavirkjun á Snæfellsnesi	840 —
Gönguskarðsárvirkjun í Skagafirði	1060 —
Laxárvatnsvirkjun í Austur-Húnavatnssýslu	480 —
Reiðhjallavirkjun á Snæfellsnesi	400 —
Garðsárvirkjun í Ólafsfirði	180 —
Fjarðarárvirkjun í Seyðisfirði	160 —

Einnig reka Rafmagnsveitur ríkisins dísilstöðvar samtals ca. 18800 kw.